

Frá ritstjórum

Tímamót eru í útgáfu ritsins *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu* á árinu 2022, en frá árinu 2009 hefur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefið út eitt hefti af ritinu á ári. Að þessu sinni koma út tvö hefti á árinu, en fyrra hefti 14. árgangs er sérhefti sem ber yfirskriftina *Nýjar rannsóknir í annarsmálsfræðum og fjöltyngi á Íslandi*. Gestaritstjóri var Birna Arnbjörnsdóttir. Framvegis munu koma út tvö hefti á ári. Verður fyrra heftið sérhefti tileinkað afmörkuðu viðfangsefni, en almennt hefti mun koma út fyrir lok hvers árs. Á árinu 2023 mun sérhefti *Milli mála* bera yfirskriftina *Skáldið, taóíð og dulspekin* og fjalla um áhrif daoisma og dulspeki í verkum Halldórs Laxness og túlkun hans á þeim. Gestaritstjóri verður Geir Sigurðsson.

Heftið sem hér birtist er því annað hefti 14. árgangs. Að þessu sinni birtum við sex ritrýndar greinar um málvísindi, bókmenntir og þýðingafræði, auk einnar óritrýndrar greinar og tveggja þýðinga.

Í greininni „Drög að kortlagningu spænsku á Íslandi“ fjalla þær Erla Erlendsdóttir, Hólmi Friður Gardarsdóttir og Núria Frías Jiménez um samevrópskt samvinnuverkefni sem hefur það markmið að fá skýrari mynd af stöðu spænsku í Evrópu og notkun spænsku utan spænskumælandi landa. Byggt er á lýðfræðilegum upplýsingum til þess að meta fjölda málhafa, auk þess sem þeir eru flokkaðir eftir færnistigum. Höfundar beita síðan sömu aðferðum til þess að meta stöðu spænsku á Íslandi. Hér er því lagður grunnur að beitingu lýðfræðimálvísinda og félagsmálvísinda til þess að fá skýrari mynd af kunnáttu í erlendum tungumálum hérlendis.

Erla Erlendsdóttir og Oddný G. Sverrisdóttir fylgja eftir grein sinni „Kurz und bündig, raso y corto eða stutt og laggott: Um orðapör í þýsku, spænsku og íslensku“, sem birtist í 13. Árg. *Milli mála* árið 2021, með annarri grein um orðapör sem heitir „Hönd í hönd, mano a mano, Hand in Hand: Enn og aftur af orðapörum“. Hér

ræða þær nánar um ákveðna gerð orðapara þar sem sama orðið er endurtekið og ýmist tengt með forsetningu eða samtengingu, eða jafnvel einungis með kommu.

Þrjár greinar fjalla um bókmenntir, hver með sínum hætti. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir fjallar um málnotkun vesturíslenska skáldsins Kristjáns Níels Jónssonar, eða Káins, og hvernig hann beitir enskum og vesturíslenskum orðum í textum sínum til að ná fram ákveðnum áhrifum, svo sem gamansemi og margræðni. Ingibjörg Ágústsdóttir skrifar um þau djúpstæðu áhrif sem saga Agnesar Magnúsdóttur og morðanna á Illugastöðum árið 1828 hafði á áströlsku skáldkonuna Hönnuh Kent. Í sögulegri skáldsögu sinni, *Náðarstund*, tekur Hannah Kent sögu Agnesar til endurskoðunar frá femínísku sjónarhorni. Femínískt sjónarhorn er einnig í forgrunni í grein Arnórs Inga Hjartarsonar sem fjallar um verkið *Stund stjörnunna* (*A hora da estrela*) eftir brasilíska rithöfundinn Clarice Lispector. Verkinu lýsir Arnór sem sjálflysandi skáldsögu eða sjálfsögu en í því er söguhetjan karlkyns rithöfundur sem semur verk um konu og skapar þar með kvenpersónu. Rýnir Arnór í karlinn innan sögunnar og það ferli að skapa konuna.

Að lokum fjallar grein Rúnars Helga Vignissonar um þýðingar úr millimálum, þ.e.a.s. þegar þýðing á texta úr einu máli á annað er lögð til grundvallar nýrri þýðingu á þriðja mál. Veltir Rúnar fyrir sér kostum og göllum þess að þýða úr millimálum.

Auk ritrýndra greina birtum við einnig óritrýnda grein um Molière eftir Héléne Merlin-Kajman. Merlin-Kajman er prófessor emerita við Sorbonne Nouvelle-háskólann í París og er sérfræðingur í frönskum bókmenntum 17. aldar. Greinin byggir á erindi sem hún flutti 12. október 2022 á málþinginu „Molière í 400 ár“ sem haldið var í tilefni þess að 400 ár voru liðin frá fæðingu franska leikskáldsins Molière (1622–1673). Málþingið var skipulagt í samvinnu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Þjóðleikhússins og franska sendiráðsins á Íslandi. Guðrún Kristinsdóttir þýddi erindið fyrir þetta rit.

Að venju birtum við einnig stuttar þýðingar, að þessu sinni tvær. Annars vegar birtist hér þýðing Geirs Þ. Þórarinssonar á þremur þeirra brota sem varðveitt eru eftir forngríska skáldið Mímnemos.

Hins vegar hefur Rebekka Þráinsdóttir þýtt smásögu Ísaaks Babel um Pan Apolek.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum og ritrýnum fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig færum við prófarkalesara, Þórgunni Skúladóttur, og umbrotsmanni, Valgerði Jónasdóttur, bestu þakkir. Minnt er á skilafrest greina og þýðinga í næstu hefti – sem er 13. janúar 2023 fyrir sérheftið, *Skáldið, taóíð og dulspekin*, en 1. apríl 2023 fyrir almenna heftið. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is.

*Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórhildur Oddsdóttir*